



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 12. apríl 2021
R21040071

Borgarráð

Kleppsvegur 134, sala á íbúð 504

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að ganga frá sölu á íbúð 504 á Kleppsvegi 134 til Félagsbústaða hf. kt. 510497-2799 fyrir krónur 38.200.000.

Greinargerð:

Borgarráð fól eignasjóði árið 2017 að kaupa íbúðir sem lið í því að leita tímabundinna lausna til aukningar á félagslegu húsnæði í Reykjavík. Um var að ræða tímabundna ráðstöfun. Íbúðir voru síðan framleigðar til velferðarsviðs en hafa verið í rekstri Félagsbústaða. Félagsbústaðir hafa óskað eftir að eignast nokkrar af þessum íbúðum og er þetta liður í því. Fengið var verðmat tveggja óháðra löggiltra fasteignasala og er söluverð meðaltalsverð verðmata.

Íbúðin er á 5. hæð, 77,4 fermetrar að stærð, merkt 04-0504 og fasteignamat er krónur 34.850.000.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Hjálagt:

Verðmat Remax fasteignasölu, dags. 24. mars 2021.

Verðmat Höfða fasteignasölu, dags. 22. mars 2021.